# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018,**
**svæði fyrir bílaíþróttir á Glerárdal.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að mörk verndarsvæðis við Glerá eru færð nær ánni á um 400 m kafla. Blönduð landnotkun óbyggðs svæðis og almenns útivistarsvæðis milli Hlíðarfjallsvegar og Glerár stækkar þannig að svæðið teygir sig lengra upp með ánni.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*